

**Sp.**

**599. Tillaga til þingsályktunar**

**[151. mál]**

um friðun Faxaflóa.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða með reglugerð samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, að Faxaflói allur, innan línu, sem dregin er frá Reykjanestá að Öndverðarnesi, verði friðaður fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum.

#### Greinargerð.

Það dylst engum nú orðið, hver vá er fyrir dyrum hjá Íslendingum af völdum hinna gegndarlausu botnvörpu- og dragnótaveiða á fiskimiðunum við strendur landsins. Þátttaka Íslendinga í botnvörpu- og dragnótaveiðum hefur verið aukin hin síðari ár, en það, sem mestu máli skiptir þó í þessu sambandi, er hin stórauðna aðsókn erlendra botnvörpuskipa á fiskimiðin hér. Með hverju árinu, sem líður, fjölgar þessum erlendu fiskiskípum við strendur landsins. Skipin stækka og afköst þeirra við veiðarnar vaxa að sama skapi. Allt stefnir þetta til þeirrar rányrkju á miðunum, að til auðnar horfir áður en varir, ef þar verður eigi komið vörnum við. Eru dæmin um það deginum ljósari, að línuveiðar bátaflotans gefa með hverju árinu, sem líður, lakari og lakari raun á þeim svæðum, þar sem mest er örtröðin vegna botnvörpuveiðanna. Á fiskimiðunum í Faxaflóa þjarma botnvörpungarnir að bátafлотanum með tvennum hætti: eyðingu fisksins, þegar þeir í stórum hópum, stundum svo hundruðum skiptir, draga vörpur sínar hlið við hlið um allt veiðisvæðið, meðan nokkra bröndu er þar að fá, og hinu, að bátarnir verða af völdum togaranna oft og löngum fyrir stórfelldu veiðarfæratjóni.

Á yfirstandandi vetrarvertíð stunda 115 línubátar fiskveiðar frá verstöðvunum við Faxaflóa, samanlagt um 6753 brúttó rúmlestir að stærð. Má af þessu ráða, hve bátaútvegurinn við Faxaflóa er stór og veigamikill þáttur í fiskveiðum Íslendinga. Er það því mikið áfall, þegar fiskveiðar bregðast í flóanum.

Það orkar ekki tvímælis, að aflatregðan í Faxaflóa á rót sína að rekja til skefjalausra botnvörpu- og dragnótaveiða á þessum slóðum. Í Faxaflóa eru víðáttumiklar klakstöðvar, og þar eru enn fremur einhverjar þýðingarmestu uppeldisstöðvar nytjafiska. Fiskgengd er því ávallt mikil í flóanum, enda viðurkennt að fornu og nýju, að þar séu einhver fiskisælustu mið við strendur þessa lands.

Friðun Faxaflóa fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum er því óneitanlega mjög þýðingarmikill þáttur í þeirri sjálfsbjargarviðleitni Íslendinga að koma í veg fyrir hóflausa rányrkju á fiskimiðunum með aukinni friðun til verndunar fiskstofninum, og því til öryggis og tryggingar, að fiskveiðar hér geti í framtíðinni orðið Íslendingum lífvænlegur atvinnuvegur. Óhjákvæmilegt er, að Íslendingar hefjist nú handa um það af alefli, að komið verði í framkvæmd ráðstöfunum um verndun fiskstofnsins og aukið olnbogarúm Íslendinga sjálfra á sínum heimamiðum með sem víðtækastri stækkun landhelginnar. Tekur þessi nauðsyn einnig til sildveiðanna, svo mjög sem erlendir sildveiðimeinn þrengja nú orðið kosti Íslendinga á höfuðstöðvum þeirra veiða.